



Reiðveganefnd LH

Skýrsla 2021

Landinu er skipt í 7 svæði og reiðveganefndir skipaðar fulltrúa frá hverju hestamannafélagi innan hvers svæðis. Reiðveganefndirnar velja sér formann og situr hann sem fulltrúi síns svæðis í Reiðveganefnd LH.

Reiðveganefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun reiðvega á sínu svæði og sækja um reiðvegafé ár hvert til LH. Reiðveganefndirnar kynna sér framkvæmdaáætlanir Vegagerðarinnar og skipulagsmál á sínu svæði og bregðast við þeim eftir því sem við á.

Sl. vor bárust umsóknir um styrki upp á tæpar 297 milljónir króna Til úthlutunar voru 65 milljónir kr, en Vegagerðin úthlutar síðan þeim 10 milljónum kr sem eftir standa í sérstök verkefni, þar af 5 milljónum kr. í Kortasjána.

Undirritaður, ásamt Halldóri Halldórssyni, Sæmundi Eiríkssyni og Guðna Halldórssyni, fóru sl sumar á fund Samgönguráðherra vegna aukafjárveitingar upp á 100 milljónir króna, sem skiptast á árin 2021 og 2022, 50 milljónir kr. hvort ár. Aukafjárveitingin var hluti af aðgerðaráætlun Ríkisstjórnarinnar vegna áhrifa Covid. Það er markmið LH að þessi hækkun verði varanleg.

Reiðveganefnd samþykkti að veita 50% eða 25 milljónum kr. af aukafjárveitingu ársins í ferðaleiðir, sem stundum vilja verða útundan og 24 milljónum króna til viðbótar í svæðisbundnar framkvæmdir og 1 milljón kr. í reiðvegaskilti.

Í maí 1982 var gert samkomulag á milli Vegagerðarinnar og LH um gerð reiðvega. Samkomulagið þarf að uppfæra og sannast sagna eru ekki margir innan Vegagerðarinnar né LH sem vita af þessu samkomulagi. Það er mikilvægt að sami skilningur sé á hvar þörf sé á reiðvegum og hvar sé nóg að leiðir séu reiðfærar og að allar framkvæmdaáætlanir hvers svæðis séu í samráði við reiðveganefnd svæðins.

Nýtt samkomulag verður vonandi undirritað á þessu ári og það síðan kynnt hestamannafélögunum, öllum svæðisstjórum Vegagerðarinnar á sérstökum fundi, sent öllum skipulagsdeildum sveitarfélaganna og það síðan haft til hliðsjónar við vegaf framkvæmdir framtíðarinnar.

f.h. Reiðveganefnd LH

Hákon Hákonarson